

12. janúar 2010


## Fréttatilkynning frá Capacent Gallup

Nánari upplýsingar: Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri  
Netfang: [gaj@capacent.is](mailto:gaj@capacent.is); sími: 540-1033 / 860-1033

### Viðhorf til synjunar forseta á Icesave lögnum og fyrirhugaðrar þjóðaratkvæðagreiðslu


Stuðningur við ákvörðun Ólafs Ragnar Grímssonar um að staðfesta ekki Icesave lög hefur aukist jafnt og þétt síðustu daga. Í niðurstöðum könnunar 5. og 6. janúar var tæplega 41% svarenda sammála ákvörðun forsetans, rúmlega 51% ósammála og 8% hvorki sammála né ósammála. Dagana 7. og 8. janúar voru fleiri orðnir sammála en ósammála ákvörðuninni, þ.e. 48% sammála og 41% ósammála. Síðustu þrjá daga, 9. til 11. janúar hefur hreinn meirihluti eða 56% svarenda sagst sammála ákvörðun forseta og tæp 34% ósammála. Enn er þó mikill munur eftir aldri og eru rúm 54% svarenda 60 ára og eldri ósammála ákvörðun forseta samanborið við innan við 20% í aldurshópnum yngri en 30 ára.

**Ertu sammála eða ósammála ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki lög um ríkisábyrgð vegna Icesave skuldbindinga sem Alþingi samþykkti 30. desember 2009?**



Álíka margir telja nú að ákvörðun forseta um að synja staðfestingu laganna hafi góð og slæm áhrif á þjóðarhag en fyrstu tvo dagana töldu 62% svarenda að ákvörðunin myndi hafa slæm áhrif.


**Hversu góð eða slæm áhrif telur þú að það hafi á þjóðarhag að forseti Íslands hafi ekki staðfest lög um ríkisábyrgð vegna lcesave skuldbindinga?**



Lítill breyting er á fjölda þeirra sem telja líklegt að þeir myndu greiða atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, en um 90% telja það líklegt.


Gjörbreyting hefur orðið á svörum við því hvort fólk myndi kjósa með eða á móti lögnum í þjóðaratkvæðagreiðslu og segja 62% svarenda dagana 9.-11. janúar að þeir myndu kjósa á móti lögnum.

## Hvernig myndir þú kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslu um lög um ríkisábyrgð vegna Icesave skuldbindinga?



Einungis í elsta aldurshópnum er nú meirihluti sem segist myndi staðfesta lögin í þjóðaratkvæðagreiðslu.


## Hvernig myndir þú kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslu um lög um ríkisábyrgð vegna Icesave skuldbindinga? - svör 9.-11. janúar greind eftir aldri



Lítill breyting hefur orðið á viðhorfum fólks til þess hvort það telji vænlegri leið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu eða fella löginn úr gildi og taka upp samningaviðræður að nýju en um þriðjungur telur fyrri kostinn vænlegri.

## Hvorn eftirtalinna kosta telur þú vænlegri fyrir þjóðarhag?


- **Að ríkisstjórnin efni til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave löginn**
- **Að ríkisstjórnin felli Icesave löginn úr gildi og taki upp samningaviðræður að nýju**



Þrátt fyrir að margir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar séu þeirrar skoðunar að vænlegra sé að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu er samt sem áður meirihluti í öllum flokkum sem telur niðurfellingu laganna og nýjar samningaviðræður vænlegri.

Trú svarenda á því að ríkisstjórnarsamstarf Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs standi út yfirstandandi kjörtímabil hefur aukist nokkuð síðustu vikuna og telja 48% svarenda nú líklegt að ríkisstjórnarsamstarfið endist út kjörtímabilið.

**Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að ríkisstjórnarsamstarf Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs muni standa út kjörtímabilið?**



Niðurstöðurnar sem hér birtast eru úr netkönnunum sem Capacent Gallup gerði dagana 5.-11. janúar, 2010. Heildarúrtaksstærð var 3100 manns 18 ára og eldri sem valdir voru með tilviljun úr Viðhorfahópi Gallup. Svarhlutfall var 63,9%.